

Eftir andlát

Upplýsingar fyrir aðstandendur

Missir nákomins er reynsla sem getur haft viðtæk og margvísleg áhrif á líðan, tilfinningar, hugsanir og athafnir syrgjenda.

Hér er að finna leiðbeiningar um næstu skref á veginum fram undan og hvert hægt er að sækja upplýsingar og stuðning. Þá má finna nánari upplýsingar varðandi andlát á island.is á slóðinni: <https://island.is/lifsviðburdir/ad-missa-astvin>

Eftir andlát

Starfsfólk viðkomandi deildar býr um hinn látna/hina látnu af virðingu og alúð. Að því loknu fá aðstandendur tækifæri til að eiga kveðjustund við dánarbeið.

Dánarvottorð

Dánarvottorð þarf að liggja fyrir áður en kemur að útför:

- Læknir úrskurðar um andlát og gefur út dánarvottorð sem sent er rafrænt til viðkomandi sýslumannsembættis. Með vottorðinu fylgja upplýsingar um nánasta aðstandanda.
- Sýslumaður hefur samband við nánasta aðstandanda með tölvupósti í gegnum island.is og leiðbeinir um framhaldið. Ef sýslumaður hefur ekki haft samband innan nokkurra daga er hægt að hringa í viðkomandi embætti eða fara á staðinn.

Læknir gerir aðstandendum frekari grein fyrir dánarorsök, ef þess er óskað. Stundum er ekki hægt að tilgreina dánarorsök nema krufning (sjúkrahúskrufning) fari fram. Ósk um krufningu er þá borin undir aðstandendur og er ekki gerð án samþykkis þeirra. Þá geta aðstandendur sjálfir óskað eftir að krufning fari fram ef frekari skýringa á andlátinu vantar.

Við sérstakar aðstæður, voveiflegt andlát eða skyndidauða, án þekktra veikinda sem skýra andlátíð, gera lög ráð fyrir að krufning (réttarkrufning) fari fram. Í þeim tilfellum sendir Rannsóknarstofa Háskólans dánarvottorðið rafrænt að henni lokinni. Ef aðstandendur hafna beiðni um krufningu getur réttarkrufning farið fram með dómsúrskurði.



Undirbúningur útfarar

Útfararstofur aðstoða aðstandendur við að undirbúa útför. Yfirlit yfir útfararstofur er á vef Landspítala á slóðinni: <https://www.landspitali.is/utfararhjonustur>

Aðstandendur eða útfararstofur hafa samband við presta, eða aðra þar til bæra aðila, sem þeir kjósa að sinni útförinni. Útför getur farið fram án aðkomu utanaðkomandi aðila. Hafa þarf samband við útfararstofur eða starfsmenn kirkjugarðs til að fá upplýsingar um hvernig staðið er að því.

Á landsbyggðinni, þar sem ekki eru útfararstofur, veita starfsmenn kirkjugarðs eða prestar í viðkomandi byggðarlagi aðstoð. Aðstandendur eða útfararstofur hafa samband við presta, eða aðra þar til bæra aðila, sem þeir kjósa að sinni útförinni. Útför getur farið fram án aðkomu utanaðkomandi aðila. Hafa þarf samband við útfararstofur eða starfsmenn kirkjugarðs til að fá upplýsingar um hvernig staðið er að því.

Stuðningur í sorg

Syrjendum er mikilvægt að fá viðurkenningu á liðan sinni og tækifæri til að deila þeirri reynslu með öðrum sem fúsir eru til að veita stuðning. Starfsfólk sálgæslu sjúkrahúspresta og sjúkrahúsdjákna á Landspítala veitir þjónustu sem tekur mið af trú og lífsskoðun þeirra sem þjónustuna þiggja. Þau sinna sálgæslu, ráðgjöf og stuðningi við sjúklinga og aðstandendur. Þau leiða einnig kveðjustund við dánarbeið, sinna eftirfylgd og leiðbeina syrgjendum áfram til annarra hjálparaðila sé þess óskað og eftir því sem þörf krefur.

Aðstandendum er velkomið að hafa samband við starfsfólk sálgæslu sjúkrahúspresta og sjúkrahúsdjákna á Landspítala.

Símanúmer

Hægt er að ná sambandi við starfsfólk sálgæslu sjúkrahúspresta og sjúkrahúsdjákna í gegnum skiptiborð Landspítala, sími 543 1000.

Frekari upplýsingar

Nánari upplýsingar varðandi andlát er á vefnum island.is/lifsviðburdir/ad-missa-astvin

Upplýsingar um útfararstofur

<https://www.landspitali.is/utfararhjonustur>

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.